

**Viðauki við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar
fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Árborg
um aðild Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.**

1. gr.

Aðild Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

Með undirritun viðauka þessa við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Árborg frá 9. desember 2022 (samningsins) gerist Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., sem sveitarfélögin Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur hafa sameinast um að reka, aðili að samningnum.

Við undirritun viðauka þessa breytist heiti samningsins í „*samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, Árborg og í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu*“.

2. gr.

Réttindi og skyldur aðila

Með undirritun viðauka þessa skuldbindur Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., og þar með aðildarsveitarfélög þess byggðasamlags, sig til að reka umdæmisráð með sveitarfélögunum Reykjanesbæ, Grindavík, Suðurnesjabæ, Vogum og Árborg að reka saman umdæmisráð barnaverndar samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 samkvæmt fyrrgreindum samningi aðila frá 9. desember 2022 þar um.

Félagsþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. gengst undir sömu samningsskyldur, öðlast sömu samningsréttindi og felur umdæmisráði samkvæmt samningnum sömu verkefni og ákvörðunarvald og aðrir aðilar að samningnum við undirritun viðauka þessa.

3. gr.

Samþykki aðildarsveitarfélaga

Með undirritun viðauka þessa samþykkja aðildarsveitarfélög samningsins aðild Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. að samningnum. Samþykki ekki öll aðildarsveitarfélög aðild Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. að samningnum tekur viðauki þessi og þar af leiðandi aðild félagsþjónustunnar að samningnum ekki gildi.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2027, til samræmis við gildistíma samningsins.

Staðfesting viðauka þessa er einnig staðfesting Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. á erindisbréfi valnefndar umdæmisráðs samkvæmt samningnum sem tekur gildi 1. janúar 2023.

Viðauki þessi er staðfestur með rafrænni undirritun

Einar Freyr Elínarson f.h. Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir bæjarstjóri f.h. Sveitarfélagsins Árborgar

Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri f.h. Sveitarfélagsins Voga

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri f.h. Reykjanesbæjar

Magnús Stefánsson bæjarstjóri f.h. Suðurnesjabæjar

Nökkvi Már Jónsson sviðsstjóri félagsþjónustu-og fræðslusviðs f.h. Grindavíkur

Undirritunarsíða

Kjartan Már Kjartansson

Magnús Stefánsson

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Nökkvi Már Jónsson

Gunnar Axel Axelsson

Einar Freyr Elínarson